

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

#### *Breyting á deiliskipulagi, Oddeyri, suðurhluti.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 7. júní 2011 í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Oddeyri, suðurhluta.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að lögð eru fram m.a. ný lóðarmörk, nýir byggingarreitir og nýtingarhlutfall skilgreint fyrir hverja lóð.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi, Síðubraut – reitur 1.43.8 1.*

Skipulagsnefnd Akureyrarkaupstaðar hefur þann 15. júní 2011 samþykkt tillögu að deiliskipulagsbreytingum, Síðubraut - reitur 1.43.8 1, skv. 40. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að lóð fyrir dreifistöð Norðurorku er afmörkuð.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi, miðbær, norðurhluti, Hólabraut – Laxagata.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 21. júní 2011 samþykkt tillögu að deiliskipulagsbreytingu skv. 40. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér m.a. að þrjár lóðir við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sameinast í eina, Hólabraut 16, og aðkoma að versluninni mun einnig breytast. Lóðarmörk, byggingarreitir og nýtingarhlutfall er skilgreint fyrir allar lóðir innan svæðisins. Gert er ráð fyrir því að Laxagata verði einstefnugata en Hólabraut og Smáragata botnlangagötur.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 4. júlí 2011,*

**Arnar Birgir Ólafsson,**  
verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. júlí 2011